AFSTÖÐUMYND mkv. 1:1000




UPPRUNI AFSTÖÐUMYNDAR: RÁÐBARÐUR SF., BJARNI ÞÓR EINARSSON, 24. SEPT. 2016
LOFTMYNDIR: LOFTMYNDIR EHF.

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
06. sep. 2022
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

**Hönnunarstjóri:**
Stoð ehf. verkfræðistofa, Atli Gunnar Arnórsson.

**Burðarvirkishönnuður:**
Stoð ehf. verkfræðistofa, Atli Gunnar Arnórsson.

**Stærð byggingar:**

| | |
|---|---|
| Flatarmál brúttó, jarðhæð | 149,0 m² |
| Flatarmál brúttó, efri hæð | 54,1 m² |
| Rúmmál brúttó: | 852,4 m³ |

**Fylgiskjöl :**

1. Uppdrætti þessum fylgir skráningartafla á rafrænu formi.

**Kólnunartölur:**

Frístundahús, Ti = 20°C

| | |
|---|---|
| Þak | 0,20 W/m²K |
| Útveggur | 0,26 W/m²K |
| Milliveggur | 0,23 W/m²K |
| Gólf á fyllingu | 0,27 W/m²K |
| Gluggar | 1,8 W/m²K |
| Hurðir | 2,0 W/m²K |
| Útveggir, meðaltal | 0,66 W/m²K |

Geymsla, Ti = 15°C

| | |
|---|---|
| Þak | 0,20 W/m²K |
| Útveggur | 0,26 W/m²K |
| Milliveggur | 0,23 W/m²K |
| Gólf á fyllingu | 0,27 W/m²K |
| Gluggar | 1,8 W/m²K |
| Hurðir | 2,0 W/m²K |
| Iðnaðarhurðir | 0,6 W/m²K |
| Útveggir, meðaltal | 0,40 W/m²K |

**Heildarorkuþörf:**

| | |
|---|---|
| Frístundahús | 5.331 W |
| Geymsla | 6.227 W |
| Alls: | 11.558 W |

**Heildarleiðnitap:**

| | |
|---|---|
| Frístundahús | 0,95 W/m²K |
| Geymsla | 0,84 W/m²K |

**<u>Greinargerð</u>**

**Stóra-Ásgeirsá, land, Húnaþingi vestra.**
**Landnr. 217997**

**Um fasteign / framkvæmd:**
Byggja á geymslu úr verksmiðjuframleiddri stálgrind á steinsteyptum sökkli. Malargólf verður í hluta geymslunnar, annars steypt gólfplata. Í geymslunni er fyrirhugað að geyma verkfæri, garðverkfæri, kerrur, fjórhjól o.þ.h. Í vesturenda skemmunnar verður innréttað frístundahús á tveimur hæðum.

**Byggingarlýsing, geymsla:**
Sökklar úr steinsteypu á burðarhæfri malarfyllingu. Fyllt með möl inn í sökkla, einangrað undir gólfplötu með 75 mm sökkulplötu og hún steinsteypt og vélslípuð. Malargólf í austurenda gert úr jöfnunarlagi. Sökkulveggir steyptir 1,0 m upp fyrir gólf og jarðvegs yfirborð utan við húsið. Sökkulveggir einangraðir að utan með 75 mm harðpressaðri steinull og klæddir með Viroc eða sambærilegu klæðningarefni. Burðarvirki yfirbyggingar stálgrind frá "Weckman Steel oy" Finnlandi. Timburásar í veggjum og þaki. Klætt utan á veggi með krossvið og loftræstri klæðningu úr lituðu stáli. Borðaklæðning, þakpappi og lituð stálklæðning á þaki. Einangrað í bil milli timburása í veggjum og þaki með steinull, loftunarbil ofan við steinull í þaki, ullin pappaklædd að loftunarbilinu. Rakarvarnarlag úr þolpasti innan við steinull í veggjum og þaki, og klætt innan á þak- og veggása með litaðri stálklæðningu. Gluggakarmar og póstar úr fúavörðu og máluðu timbri, tvöfalt einangrunargler. Gönguhurðir úr timbri. Verksmiðjuframleiddar stálsamlokueiningar í iðnaðarhurðum, rennihurðir með opnun upp, brautir úr galvanhúðuðu stáli.
Náttúruleg loftræsing um opnanleg fög í gluggum. Hita- og neysluvatnskerfi verður utanáliggjandi, raflagnir utanáliggjandi. Rafmagnsinntak á norðurhlið, vatnsinntak á suðurhlið.

**Byggingarlýsing, frístundahús:**
Sökklar úr steinsteypu á burðarhæfri malarfyllingu. Fyllt með möl inn í sökkla, einangrað undir gólfplötu með 75 mm sökkulplötu og hún steinsteypt og lögð gólfefni. Sökkulveggir steyptir 1,0 m upp fyrir gólf og jarðvegs yfirborð utan við húsið. Sökkulveggir einangraðir að utan með 75 mm harðpressaðri steinull og klæddir með Viroc eða sambærilegu klæðningarefni. Burðarvirki yfirbyggingar stálgrind frá "Weckman Steel oy" Finnlandi. Timburásar í veggjum og þaki. Klætt utan á veggi með krossvið og loftræstri klæðningu úr lituðu stáli. Borðaklæðning, þakpappi og lituð stálklæðning á þaki. Einangrað í bil milli timburása í veggjum og þaki með steinull, loftunarbil ofan við steinull í þaki, ullin pappaklædd að loftunarbilinu. Rakarvarnarlag úr þolpasti innan við steinull í veggjum og þaki, og klætt innan á þak- og veggása með lektugrind og tvöföldu gifsi. Milliveggur milli geymslu og frístundahúss úr timburgrind 45x145 mm, einangrað með steinull í grindina og hún klædd beggja vegna með 12 mm krossvið og 13 mm gifsi. Milligólf úr timbri skv. burðarvirkisuppdrætti, klætt að ofan með 22 mm nótuðum, rakavörðum spónaplötum, að neðan með raflagnagrind og loftaklæðningu í flokki 2. Milliveggir í frístundahúsi úr timburgrind, klæddir með spónaplötum í flokki 2. Stigi milli hæða úr timbri og/eða stáli, svalir á suðurhlið sömuleiðis. Gluggakarmar og póstar úr fúavörðu og máluðu timbri, tvöfalt einangrunargler. Gönguhurðir úr timbri. Náttúruleg loftræsing um opnanleg fög í gluggum. Gólfniðurföll á snyrtingum. Hita- og neysluvatnskerfi verður í veggjum og plötu, raflagnir sömuleiðis. Rafmagnsinntak á norðurhlið í geymslu, vatnsinntak á suðurhlið í geymslu. Húsið verður hitað með stálofnum. Fráveita tengd nýrri rotþró. (2)

Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hlotið hafa staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða CE-merktar, samanber kafla VIII í mannvirkjalögum.

**Brunavarnir:**
Byggingin er í notkunarflokki 3. Brunaálag í geymslu áætlað <800 MJ/m². Flóttaleið í geymslu um gönguhurð á suðurhlið og upprennda hurð á norðurhlið, merktar með ÚT-ljósum. Upprennd hurð á norðurhlið skal vera opnanleg handvirkt við straumrof. Flóttaleiðir af neðri hæð frístundahúss um gönguhurðir á suður- og vesturhliðum, af efri hæð út á svalir á efri hæð og útganga á neðri hæð. Svalagólf skal vera heilt og úr óbrennanlegu efni. Veggur milli frístundahúss og geymslu REI-60. Gluggi í þakmæni á geymslu fyrir ofanljós og reyklosun, gerður úr polykarbonati, minnst 5% af gólfflatarmáli. Slökkvitæki staðsett við útganga, skv. uppdrætti. Eldvarnarteppi í eldhúsi. Reykskynjarar skv. uppdrætti. Reykskynjarar skulu vera samtengjanlegir, þannig að boð frá einum setji í gang viðvörunarboð frá þeim öllum.

BREYTINGASKRÁ :

Nr.1: (1)
13. nóvember 2018
Gluggum á vesturgafli breytt. Aksturshurð á suðurhlið hækkuð.

Nr.2: (2)
10. ágúst 2022
Raunteikning. Veggur í anddyri felldur út. Klæðningar í frístundahúsi í flokki 2.

MÓTTEKIÐ
22. ágú. 2022
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
AÐALGATA 21 sími. 453-5050
550 SAUÐÁRKRÓKI fax. 453-6021
Netfang: stod@stodehf.is

Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns
Kt. 120379-4029

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verk: STÓRA-ÁSGEIRSÁ, LAND (217997) | | | |
| Verkþáttur: AÐALUPPDRÁTTUR, AFSTÖÐUMYND OG LÝSING | | | |
| Unnið fyrir: Jón Inga Björgvinsson | | | Verknr. 726001 |
| Hannað: Atli Gunnar | Teiknað: AGA | Mælikvarði: 1:1000 | Uppdráttur nr. A-103 |
| Teikniskrá: 726001AM Stóra Ásgeirsá land.dwg | | Blaðstærð : A2 | |
| Útgáfudagur: 25. júní 2017 | Breyting: Nr. 2 Dags. 10.08.22 | Sjá breytingaskrá | Prentað: 15. ágú. 2022 |